

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/77/01		Almennir fríðagar á árinu 2015 í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES og í EES-stofnunum	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2014/EES/77/02		Mál höfðað 17. október 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendum Íslandi (Mál E-20/14)	2
2014/EES/77/03		Mál höfðað 22. október 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendum Íslandi (Mál E-21/14)	3
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/77/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7417 – Sime Darby/ New Britain Palmoil)	4
2014/EES/77/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7464 – Bladt Industries/ EEW Special Pipe Constructions/TAG Energy Solutions Limited's Assets)	5
2014/EES/77/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7465 – Arkema/Bostik)	6
2014/EES/77/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7468 – Oji Holdings/ Itochu Corporation/Sales and Production JVs) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2014/EES/77/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7472 – Rhône Capital/ Goldman Sachs/Neovia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2014/EES/77/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7474 – QIA/BPP/Songbird) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2014/EES/77/10		Upphaf málsmeðferðar (mál M.7292 – DEMB/Mondélez/Charger OpCo)	10

<b>2014/EES/77/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7231 – Vodafone/ONO) .....	11
<b>2014/EES/77/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7307 – Electricity Supply Board/Vodafone Ireland/JV) .....	11
<b>2014/EES/77/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7381 – Airbus/Singapore Airlines/AATC) .....	12
<b>2014/EES/77/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7405 – Yanfeng/JCI Interiors Business) .....	12
<b>2014/EES/77/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7414 – ReAssure/HSBC Life UK) .....	13
<b>2014/EES/77/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7425 – Robert Bosch/BSH Bosch und Siemens Hausgeräte) .....	13
<b>2014/EES/77/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7437 – Blackstone/TPG/Kensington) .....	14
<b>2014/EES/77/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7445 – 3i Group/Christ Juweliere und Uhrmacher seit 1863) .....	14
<b>2014/EES/77/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7450 – EQT VI/Siemens Audiologische Technik) .....	15
<b>2014/EES/77/20</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ( <i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum evrópskra staðla samkvæmt tilskipuninni</i> ) ...	16

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Almennir frídagar á árinu 2015 í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES  
og í EES-stofnunum

2014/EES/77/01

	Ísland	Liechtenstein	Noregur	Eftirlitsstofnun EFTA	EFTA-dómstóllinn
1. janúar	X	X	X	X	X
2. janúar		X		X	
6. janúar		X			
2. febrúar		X			
17. febrúar		X			
19. mars		X			
2. apríl	X		X	X	
3. apríl	X	X	X	X	
6. apríl	X	X	X	X	X
23. apríl	X				
1. maí	X	X	X	X	X
14. maí	X	X	X	X	X
15. maí				X	
17. maí			X		
25. maí	X	X	X	X	X
4. júní		X			
17. júní	X				
23. júní					X
3. ágúst	X				
15. ágúst		X			
8. september		X			
1. nóvember		X			
2. nóvember				X	
8. desember		X			
24. desember				X	
25. desember	X	X	X	X	X
28. desember	X	X	X	X	
29. desember				X	
30. desember				X	
31. desember		X		X	

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 17. október 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi

2014/EES/77/02

(Mál E-20/14)

Hinn 17. október 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Markus Schneider og Clémence Perrin, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því að gera ekki þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að innleiða, sem slíka og innan tilskilins tíma, í íslenskan rétt, gerðina sem um getur í lið 56x í V. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi Ísland vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 19. apríl 2014, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. febrúar 2014 um að hafa látið hjá líða að innleiða sem slíka, í íslenskan rétt, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó, sem um getur í lið 56x í V. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að innleiða reglugerðina í íslenskan rétt innan tilskilins tíma.

**Mál höfðað 22. október 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**  
**(Mál E-21/14)**

**2014/EES/77/03**

Hinn 22. október 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirvari eru Markus Schneider og Clémence Perrin, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki og/eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki tafarlaust um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í 4. lið IV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög, innan tilskilins tíma, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:*

- Í stefnu Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 18. febrúar 2014, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 18. desember 2013 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum („gerðina“), sem um getur í 4. lið IV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 16. gr. gerðarinnar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki og/eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2014/EES/77/04**

**(mál M.7417 – Sime Darby/New Britain Palmoil)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. desember 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem malasíska fyrirtækið Sime Darby Plantation Sdn Bhd, sem tilheyrir malasíska fyrirtækinu Sime Darby Bhd, öðlast með yfirtökutilboði, sem var tilkynnt 9. október 2014, að fullu yfiráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu New Britain Palm Oil Limited („NBPOL“) frá Papúa Nýju-Gíneu. Framkvæmdastjórninni barst tilkynning um samfylkingu sömu fyrirtækja 31. október 2014 en tilkynningin var síðan afturkölluð 27. nóvember 2014.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sime Darby Bhd: plantekrur og framleiðsla pálmaolíu, sala og leiga á iðnaðartækjum, vélasala, fasteignaþróun, orka og veitustarfsemi
  - NBPOL: plantekrur, framleiðsla og vinnsla pálmaolíu og framleiðsla sykurs, nautakjöts og olíu-pálmafræja
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 457, 19. desember 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7417 – Sime Darby/New Britain Palmoil, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2014/EES/77/05****(mál M.7464 – Bladt Industries/EEW Special Pipe Constructions/TAG Energy Solutions Limited's Assets)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. desember 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Bladt Industries A/S („Bladt“), sem lýtur yfirráðum fjárfestingarfyrirtækisins Nordic Capital frá Jersey, og þýska fyrirtækið EEW Special Pipe Constructions GmbH („EEW“), sem tilheyrir EEW-samsteypunni, öðlast með eignakaupum, fyrir milligöngu nýstofnaðs, sameiginlegs fyrirtækis („JV“), í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í eignum sem eru nú í eigu breska fyrirtækisins TAG Energy Solutions Limited („TAG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bladt: framleiðsla á lausnum úr stáli fyrir stór og flókin mannvirki á sviði vindorku og endurnýjanlegrar orku, olíu- og gasvinnslu og fyrir grunnvirkjaverkefni
  - EEW: framleiðir stór stálrör sem eru notuð við smíði vindorkuvera undan ströndum
  - JV: framleiðir millistykki og helstu stálhluta þeirra fyrir sökkla undan ströndum til nota í vindorkuverum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 449, 16. desember 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7464 – Bladt Industries/EEW Special Pipe Constructions/TAG Energy Solutions Limited's Assets, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7465 – Arkema/Bostik)**

2014/EES/77/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. desember 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Arkema S.A. („Arkema“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í lím- og þéttiefnaframleiðslu franska fyrirtækisins Total S.A. („Bostik“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Arkema: framleiðsla, dreifing og sala um heim allan á efnavörum, einkum þekjulausnum, sérefnum til iðnaðar og hágæðaeftum
  - Bostik: framleiðsla á lím- og þéttiefnum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 457, 19. desember 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7465 – Arkema/Bostik, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2014/EES/77/07****(mál M.7468 – Oji Holdings/Itochu Corporation/Sales and Production JVs)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. desember 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japönsku fyrirtækin Itochu Enex Co., Ltd. („Itochu Enex“) og Oji Green Resources Co., Ltd. („Oji Green“) öðlast með hlutafjárkaupum í tveimur nýstofnuðum fyrirtækjum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sameiginlegum sölu- og framleiðslufyrirtækjum. Framkvæmdastjórninni barst tilkynning um samfylkingu sömu fyrirtækja 27. nóvember 2014 en tilkynningin var síðan afturkölluð 5. desember 2014.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Itochu Enex: sala á orkutengdum vörum, eins og jarðolíuvörum, fljótandi jarðolíugasi og öðrum gastegundum, raforku, svo og vörum og þjónustu sem tengjast vélknúnum ökutækjum
  - Oji Green: sala á pappírsmauki og viðarafurðum; plantekrur og orkufyrirtæki
  - Sameiginleg sölu- og framleiðslufyrirtæki: framleiðsla og smásala á raforku í Japan
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 457, 19. desember 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7468 – Oji Holdings/Itochu Corporation/Sales and Production JVs, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7472 – Rhône Capital/Goldman Sachs/Neovia)**

2014/EES/77/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. desember 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Rhône Capital L.L.C. („Rhône Capital“) og Goldman Sachs Group, Inc. („Goldman Sachs“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Neovia Logistics, L.L.C. („Neovia“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Neovia: þjónusta á sviði vörufelisstjórnunar og aðfangakeðju
  - Rhône Capital: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Goldman Sachs: fjárfestingarbankastarfsemi, verðbréf og fjárfestingaumsýsla um heim allan, margvísleg þjónusta á sviði banka, verðbréfa og fjárfestinga. Starfsemi Goldman Sachs er að jafnaði skipt í fjóra þætti: i) fjárfestingarbankastarfsemi, ii) þjónustu við stofnana viðskiptavini, iii) fjárfestingar og lánastarfsemi og iv) fjárfestingaumsýslu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 457, 19. desember 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7472 – Rhône Capital/Goldman Sachs/Neovia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7474 – QIA/BPP/Songbird)**

2014/EES/77/09

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. desember 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem katarska fyrirtækið Qatar Investment Authority („QIA“) og fyrirtækið Brookfield Property Partners LP („BPP“) frá Bermúdaeyjum öðlast með yfirtökutilboði í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Songbird Estates plc („Songbird“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - QIA: fjárfestingarsjóður katarska ríkisins
  - BPP: lýtur einkayfirráðum kanadíska fyrirtækisins Brookfield Asset Management Inc, sem sinnir eignastýringu utan hefðbundinna markaða og leggur áherslu á fjárfestingar í fasteignum, endurnýjanlegri orku, grunnvirkjum og óskráðum félögum
  - Songbird: móðurfélag Canary Wharf Group plc, sem stundar þróun, fjárfestingar og umsýslu með fasteignum í London, einkum í Canary Wharf hverfinu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 461, 20. desember 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7474 – QIA/BPP/Songbird, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Upphaf málsmeðferðar****2014/EES/77/10****(mál M.7292 – DEMB/Mondēlez/Charger OpCo)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. desember 2014 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 461, 20.12.2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 22964301) eða í pósti, með tilvísun til máls M. 7292 – DEMB/Mondēlez/Charger OpCo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/11**  
**(mál M.7231 – Vodafone/ONO)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7231. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/12**  
**(mál M.7307 – Electricity Supply Board/Vodafone Ireland/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. október 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7307. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/13**  
**(mál M.7381 – Airbus/Singapore Airlines/AATC)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7381. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/14**  
**(mál M.7405 – Yanfeng/JCI Interiors Business)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7405. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/15**  
**(mál M.7414 – ReAssure/HSBC Life UK)**

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 5. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7414. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/16**  
**(mál M.7425 – Robert Bosch/BSH Bosch und Siemens Hausgeräte)**

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 3. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7425. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/17**  
**(mál M.7437 – Blackstone/TPG/Kensington)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7437. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/18**  
**(mál M.7445 – 3i Group/Christ Juweliers und Uhrmacher seit 1863)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7445. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/77/19**  
**(mál M.7450 – EQT VI/Siemens Audiologische Technik)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. desember 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7450. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar  
Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru**

2014/EES/77/20

*(Birthing á heitum og tilvísunarnúmerum evrópskra staðla samkvæmt tilskipuninni)*

Evrópsk staðlasamtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hölm
CEN	EN 581-1:2006 Útihúsgögn – Stólar og borð til útilegu-, heimilis- og atvinnunota – 1. hluti: Almennar öryggiskröfur	22.7.2006	
CEN	EN 913:2008 Fimleikabúnaður – Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir	11.7.2014	EN 913:1996  Athugasemd 2.1
CEN	EN 914:2008 Fimleikabúnaður – Tvislár karla og samstæður tvislár karla og kvenna – Kröfur og prófunaraðferðir, þ.m.t. vegna öryggis	11.7.2014	
CEN	EN 915:2008 Fimleikabúnaður – Tvislár kvenna – Kröfur og prófunaraðferðir, þ.m.t. vegna öryggis	11.7.2014	
CEN	EN 916:2003 Fimleikabúnaður – Stökkkistur – Kröfur og prófunaraðferðir, þ.m.t. vegna öryggis	15.10.2005	
CEN	EN 957-2:2003 Líkamsrættartæki – Hluti 2: Styrktarþjálfunartæki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 957-4:2006+A1:2010 Líkamsrættartæki – Hluti 4: Styrktarþjálfunarbekkir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	11.7.2014	EN 957-4:2006  Athugasemd 2.1
CEN	EN 957-5:2009 Líkamsrættartæki – Hluti 5: Líkamsrættartæki með pedólum, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	11.7.2014	EN 957-5:1996  Athugasemd 2.1
CEN	EN 957-6:2010 Líkamsrættartæki – Hluti 6: Göngu- og hlaupabretti, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	11.7.2014	EN 957-6:2001  Athugasemd 2.1
CEN	EN 957-7:1998 Líkamsrættartæki – Hluti 7: Róðrarvélur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 957-8:1998 Líkamsrættartæki – Hluti 8: Stigvélur og þrekstigar – Sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 957-9:2003 Líkamsrættartæki – Hluti 9: Skíðavélur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 957-10:2005 Líkamsrættartæki – Hluti 10: Þrek hjól með föstu hjóli eða án fríhjóls, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 1129-1:1995 Húsgögn – Beddar sem leggjast saman – Öryggiskröfur og prófun	15.10.2005	
CEN	EN 1129-2:1995 Húsgögn – Beddar sem leggjast saman – Öryggiskröfur og prófun – 2. hluti: Prófunaraðferðir	15.10.2005	

Evrópsk staðlasamtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjál)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi
CEN	EN 1130-1:1996 Húsgögn – Ungbarnarúm og vöggur til heimilisnota – 1. hluti: Öryggiskröfur	24.4.2004	
CEN	EN 1130-2:1996 Húsgögn – Ungbarnarúm og vöggur til heimilisnota – 2. hluti: Prófunaraðferðir	24.4.2004	
CEN	EN 1273:2005 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Göngugrindur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	17.2.2009	
CEN	EN 1400-1:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Snuð fyrir börn og ungbörn – 1. hluti: Almennar öryggiskröfur og vöruupplýsingar	24.4.2004	
CEN	EN 1400-2:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Snuð fyrir börn og ungbörn – 2. hluti: Tæknilegar kröfur og prófanir	24.4.2004	
CEN	EN 1400-3:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Snuð fyrir börn og ungbörn – 3. hluti: Kröfur og prófanir varðandi efnisinnihald	24.4.2004	
CEN	EN 1466:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – burðarrúm og standur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	24.4.2004	
CEN	EN 1651:1999 Svifhlífarbúnaður – Belti – Öryggiskröfur og styrkleikaprófanir	15.10.2005	
CEN	EN 1860-1:2003 Tæki, fast eldsneyti og kveikiefni til nota í grill – 1. hluti: Grilltæki sem brenna föstu eldsneyti – Kröfur og prófunaraðferðir	15.10.2005	
	EN 1860-1:2003/A1:2006	11.7.2014	Athugasemd 3
CEN	EN ISO 9994:2006 Kveikjarar – Öryggisákvæði (ISO 9994:2005)	22.7.2006	EN ISO 9994:2002 Athugasemd 2.1
CEN	EN 12196:2003 Fimleikabúnaður – Hestar og kubbar – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 12197:1997 Fimleikabúnaður – Svifrár – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 12346:1998 Fimleikabúnaður – Veggrimlar, reitarimlar og klifurgrindur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 12432:1998 Fimleikabúnaður – Jafnvæggisslár – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 12491:2001 Svifhlífarbúnaður – Neyðarfallhlíf – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 12586:1999 Hlutir til nota við barnaumönnun – Snuðkeðja – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	24.4.2004	
	EN 12586:1999/AC:2002	24.4.2004	

Evrópsk staðlasamtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hölmi
CEN	EN 12655:1998 Fimleikabúnaður – Hringir – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN ISO 12863:2010 Staðlaðar prófunaraðferðir til að meta kviknunareiginleika vindlinga	17.11.2011	
CEN	EN 13120:2009+A1:2014 Gluggatjöld til nota innanhúss – Nothæfiskröfur, þ.m.t. um öryggi	10.10.2014	
CEN	EN 13138-2:2002 Flotbúnaður til nota við sundkennslu – 2. hluti: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir flotbúnað sem fólk heldur á	15.10.2005	
CEN	EN 13209-1:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Barnaburðarpokar – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir – Hluti 1: Bakburðarpokar með grind	22.7.2006	
CEN	EN 13319:2000 Fylgibúnaður til nota við köfun – Dýptarmælar og samstæður dýptar- og tímamæla – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 13899:2003 Íþróttabúnaður á hjólum – Hjólaskautar – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 14059:2002 Oliulampar til skrauts – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	24.4.2004	
CEN	EN 14344:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Barnastólar á reiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	15.10.2005	
CEN	EN 14350-1:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Drykkjaráhöld – 1. hluti: Almennar og tæknilegar kröfur og prófanir	15.10.2005	
CEN	EN 14682:2007 Öryggi barnafatnaðar – Bönd og reimar í barnafatnaði – Forskriftir	13.4.2011	EN 14682:2004 Athugasemd 2.1
CEN	EN 14764:2005 Borgar- og torfæureiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 14766:2005 Fjallareiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 14781:2005 Keppnisreiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	22.7.2006	
CEN	EN 14872:2006 Reiðhjól – Aukahlutir fyrir reiðhjól – Bögglaþer	22.7.2006	
CEN	EN 15649-1:2009+A2:2013 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 1: Flokkun, efni, almennar kröfur og prófunaraðferðir	11.7.2014	EN 15649-1:2009 +A1:2012 Athugasemd 2.1
CEN	EN 15649-2:2009+A1:2012 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 2: Upplýsingar til neytenda	4.9.2013	EN 15649-2:2009 Athugasemd 2.1

Evrópsk staðlasamtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Birtist fyrst í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hölm
CEN	EN 15649-3:2009+A1:2012 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 3: Búnaður í A-flokki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	4.9.2013	EN 15649-3:2009  Athugasemd 2.1
CEN	EN 15649-4:2010+A1:2012 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 4: Búnaður í B-flokki, viðbótarsérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	4.9.2013	EN 15649-4:2010  Athugasemd 2.1
CEN	EN 15649-5:2009 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 5: Búnaður í C-flokki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	4.9.2013	
CEN	EN 15649-6:2009+A1:2013 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 6: Búnaður í D-flokki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	11.7.2014	EN 15649-6:2009  Athugasemd 2.1
CEN	EN 15649-7:2009 Flotbúnaður til afþreyingarnota á vatni og í vatni – Hluti 7: Búnaður í E-flokki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	4.9.2013	
CEN	EN 16156:2010 Vindlingar – Mat á kvikunareiginleikum – Öryggiskrafa	17.11.2011	
CEN	EN 16281:2013 Barnaverndarvörur – Barnalæsingar á glugga og svalahurðir sem neytendur setja sjálfir upp – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	11.7.2014	
CEN	EN 16433:2014 Gluggatjöld til nota innanhúss – Varnir gegn kæfingaráhættu – Prófunaraðferðir	10.10.2014	
CEN	EN 16434:2014 Gluggatjöld til nota innanhúss – Varnir gegn kæfingaráhættu – Kröfur og prófunaraðferðir öryggisbúnaðar	10.10.2014	
CEN	EN ISO 20957-1:2013 Líkamsræktartæki – Hluti 1: Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir (ISO 20957-1:2013)	11.7.2014	EN 957-1:2005  Athugasemd 2.1
CENELEC	EN 60065:2002 Hljóð- og myndbúnaður og ámóta rafeindabúnaður – Öryggiskröfur IEC 60065:2001 (Breytt)	4.9.2013	
	EN 60065:2002/A12:2011(*)	28.2.2012	Athugasemd 3
CENELEC	EN 60950-1:2006 Upplýsingatæknibúnaður – Öryggi – 1. hluti: Almennar kröfur IEC 60950-1:2005 (Breytt)	4.9.2013	
	EN 60950-1:2006/A12:2011(*)	28.2.2012	Athugasemd 3

(<sup>1</sup>) CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)  
CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)  
ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

(\*) Samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/29/ESB frá 13. janúar 2012 (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2012, bls. 7) verður að birta tilvísunarnúmer staðla EN 60065:2002/A12:2011 og EN 60950-1:2006/A12:2011 um vernd gegn óhóflegum hljóðþrýstingum frá einkatónlistarspílurum.

- Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar gildir óbreytt að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi, er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.

*Athugið:*

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja, en skrá yfir þær birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* samkvæmt 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 <sup>(1)</sup>.
- Evrópsk staðlasamtök gefa staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, séu rétt.
- Visanir til leiðréttinga „.../AC:YYYY“ eru eingöngu birtar í upplýsingaskyni. Með leiðréttingu eru ásláttarvillur, málvillur eða sambærilegar villur fjarlægðar úr texta staðals og kann hún að tengjast útgáfu staðals, sem evrópsk staðlasamtök hafa samþykkt, á einu eða fleiri tungumálum (ensku, frönsku og/eða þýsku).
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samhæfða staðla og aðra evrópska staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:  
[http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm)

<sup>(1)</sup> Stj.íð. ESB L 316, 14.11.2012, bls.12